

Í þessum bæklingi má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um þjónustu hjúkrunarheimila HSA sem hjálpa þér og aðstandendum þínum að undirbúa flutning á nýja heimilið.

Allar upplýsingar varðandi komu þína veitir deildarstjóri:

í síma _____

ÞJÓNUSTA VIÐ ÍBÚA

Meginstarf okkar er að annast þig og vaka yfir velferð þinni og líðan. Við munum leggja okkur fram um að viðhalda eða bæta líkamlega, andlega og félagslega færni þína, efla sjálfsbjörg við athafnir daglegs lífs og auka lífsgæði þín við breyttar aðstæður. Þar er mikilvægast að reisa þín og sérkenni séu virt og að friðhelgi og öryggi sé í hávegum haft.

HJÚKRUN

Hjúkrun er einstaklingshæfð sem þýðir að hjúkrunarfræðingur er ábyrgur fyrir og skipuleggur hjúkrun þína í samráði við þig, fjölskyldu þína og aðra í umönnunarhóp þínum eftir því sem við á. Við viljum stuðla að góðum tengslum við fjölskyldu þína og bendum á að líðan þín verður betri með góðum samskiptum. Lögð verður áhersla á að hafa þig með í ákvarðanatöku um hjúkrunarmeðferðina og veita upplýsingar um allar breytingar, þannig að sem minnst óvissa ríki. Fjölskyldufundir eru haldnir reglulega eða eftir þörfum.

Hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og starfsmenn eru tiltækir allan sólarhringinn. Leitaðu hiklaust til okkar með hvað eina sem varðar umönnun þína og vellíðan. Boðið er upp á samveru og afþreyingu; lestur úr bókum og blöðum, tónlist, söng, spil, spjall, handmennt og aðra dægrastyttingu. Gestakomur eru frjálssar í samráði við þig. Húsinu er lokað af öryggisástæðum frá kl 23:00 að kveldi til morguns.

LÆKNISÞJÓNUSTA

Læknar hjúkrunarheimila HSA vitja þín eftir þörfum. Þeir koma 1-2 í viku. Ekki er heimilt að panta heilbrigðisþjónustu eða lyf utan heimilanna án samráðs við lækni eða hjúkrunarfræðing, ef ætlast er til að HSA greiði reikninginn.

SJÚKRAPJÁLFUN/IÐJUPJÁLFUN - LEIKFIMI

Boðið er reglulega upp á leikfimi í umsjá sjúkrapjálfunar. Þjálfun og endurhæfing fer fram á heimilinu, endurhæfingadeild og utandyra.

MÁLTÍÐIR

Máltíðir eru framreiddar í borðstofu heimilanna. Það skapar heimilislegt andrúmsloft að íbúar borði saman í borðstofu og njóti þar einnig samveru við aðra íbúa, ættingja og vini. Ef þú kýst að snæða í eigin herbergi stendur það að sjálfsgöðu til boða hvenær sem er. Heit máltíð er sjö daga vikunnar í hádeginu og tvö til þrjú kvöld í viku en léttari réttir hinar máltíðirnar.

Matmálstímar eru sem hér segir:

Morgunverður	kl. 8.30 - 10.00
Hádegisverður.....	kl. 12.00 - 13.00
Síðdegiskaffi.....	kl. 14.30 - 15.30
Kvöldverður	kl. 18.00 - 19.00
Kvöldkaffi	kl. 20.00 - 21.00

Alltaf þó hægt að fá sér aukabita á milli máltíða ef þörf er á.

HÁRGREIÐSLU- OG FÓTSNYRTING

Hárgreiðslu, klippingu og aðra hársnyrtingu, sem og fótaaðgerðir og handsnyrtingu er hægt að þanta og sjá íbúar og aðstandendur um það og greiða fyrir.

REYKINGAR

Af öryggisástæðum er þess óskað að íbúar sem reykja geri það ekki í íbúðum sínum, starfsfólk aðstoðar íbúa að finna hentugan stað. Gestum og starfsmönnum er óheimilt að reykja á hjúkrunarheimilum HSA eða á lóð heimilanna í samræmi við lög.

HERBERGI

Herbergið þitt er með baðherbergi. Í herberginu er einnig fataskápur, rafdrifið hjúkrunarúm, náttborð og gluggatjöld. Þú getur kallað á aðstoð úr herbergi þínu hvenær sem er með sérstöku hjúkrunarkallkerfi. Við mælum með að þú hafir hjá þér einhverja persónulega muni sem þér þykir vænst um og veita þér ánægju. Má þar nefna málverk og fjölskyldumyndir, myndaalbúm og lampa. Einnig eigin húsgögn, t.d. góða hægindastóla, borð, kommóðu eða hillu. Gæta þarf þess þó að fylla ekki rýmið svo mikið að það valdi þér erfiðleikum við að komast um og torveldi hjúkrun þína. Þú getur haft þitt eigið útvarp og sjónvarp, tölvu og símtæki með einkasímanúmeri í herbergi þínu. Það getur verið mjög notalegt að ættingjar og vinir geti hringt beint til þín og þú til þeirra. Íbúar greiða sjálfir fyrir kostnað vegna síma- og nettengingu.

Í sameiginlegum rýmum sambýla eru að sjálfsögðu útvarp og hljómflutningstæki, sjónvarp og myndbandstæki sem nota má í samráði við starfsfólk og aðra íbúa.

FATNAÐUR

Þú klæðist auðvitað þínum eigin fötum. Nauðsynlegt er að hafa hversdagsföt til skiptanna sem og nærföt, náttföt, slopp, sokka, sparikæðnað og yfirhafnir, sem og annan fatnað til útivistar.

Hjúkrunarheimili HSA annast þvott á einkafatnaði þínum (án ábyrgðar), nema þú eða ættingjar þínir kjósi annað. Undanþegið er þó það sem þarf að handþvo eða hreinsa. Innkaup og eftirlit með einkafatnaði er í þínum höndum og aðstandenda. Mikilvægt er að merkja öll föt vel. Fyrir hátíðir er sérstaklega mikilvægt að spariföt séu yfirfarin og hreinsuð tímanlega. Góðir skór með grófum sóla eru mikilvægir og einnig góðir inniskór. Áhersla er lögð á að fólk sé snyrtilegt til fara og vel til haft.

Þér er velkomið að koma með eigin sæng og kotta sem og rúmfatnað og handklæði. Einnig er gott að hafa meðferðis þykkt teppi eða værðarvoð sem og rúmteppi.

ÁHÖLD OG VÖRUR TIL PERSÓNULEGRA NOTA

Þú þarft að eiga tannbursta, tannkrem, snyrtiáhöld, rakáhöld, rúllur og aðrar þær snyrtivörur sem þú þarfnast til persónulegra nota. Hjúkrunarheimili HSA sér fyrir lyfjum og hjúkrunarvörum eftir þörfum hvers og eins. Tryggingastofnun greiðir tannlæknaþjónustu skv. ákveðnum reglum.

ÖRYGGISATRÍÐI

Þeim tilmælum er vinsamlega beint til íbúa að huga að öryggi sínu með því að staðsetja þunga muni neðarlega í hillur þar sem hætta getur skapast af falli. Af sömu ástæðu er ráðlagt að staðsetja háa skápa og hillur fjarri rúmi.

Vinsamlegast kynntu þér brunavarnir hússins og viðbrögðum við bruna.

Þá er rétt að benda á í sambandi við tryggingar að íbúar bera sjálfir ábyrgð á sínu innbúi, þ.e. innbústryggingar eru á þeirra ábyrgð.

Við vonum að þessar upplýsingar hjálpi þér að undirbúa komu þína á hjúkrunarheimili HSA.

Unnið úr gæðahandbók Sóltúns, feb 2019